

## Gistiskýrslur 2008

### *Tourist accommodation 2008*

#### *Samantekt*

Heildarfjöldi gistinátta var 2,7 milljónir árið 2008 sem er um 2,7% aukning frá fyrra ári. Gistinóttum fjölgaði frá árinu 2007 á tjaldsvæðum um 8,9%, farfuglaheimilum um 6,7% og á hótélum og gistiheimilum um 2,7%. Gistinóttum fækkaði um 4% á svefnpokagististöðum og um 1,3% í orlofshúsabyggðum. Gistinætur í skálum í óbyggðum voru svipaðar á milli ára.

Aukningin var hlutfallslega mest á Vestfjörðum og nam 16,4%. Á Suðurnesjum fjölgaði gistinóttum um 7,7%, á Suðurlandi um 7,6%, á Suðurnesjum og Norðurlandi eystra um 5,9% og á Höfuðborgarsvæðinu um 1,3%. Fækkun gistinátta á Vesturlandi var um 2,6%, á Austurlandi um 1,6% og á Norðurlandi vestra um 0,6%.

#### **Inngangur**

*Gistiskýrslur 2008* er sextánda rit Hagstofu Íslands um niðurstöður talningar á gistinóttum og gestakomum á gististöðum í landinu. Hagstofan hóf reglubundna söfnun upplýsinga um framboð á gistirými og fjölda gistinátta í júní 1984. Öflun gagna tekur til allrar seldrar gistiþjónustu að orlofshúsum félagasamtaka undanskildum. Árið 1995 var byrjað að afla upplýsinga um gestafjölda auk gistinátta í því skyni að kanna meðallengd dvalar á gististað.

#### **Niðurstöður**

Hér á eftir eru helstu niðurstöður gistináttatalningar Hagstofu Íslands sýndar í yfirlitstöflum og myndritum fyrir hvern flokk gististaða. Upplýsingar um gistirými, gistinætur, gestakomur, meðaldvalarlengd og nýtingu eru birtar eftir tímabilum, landsvæðum og þjóðernum gesta. Landinu er skipt í átta svæði: höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Í sumum tilvikum hefur þurft að slá saman tölum fyrir fleiri en eitt svæði ef gististaðir eru of fáir á hvoru svæði um sig til að unnt sé að birta tölur.

Meginefni þessa rits er gistináttatalningin en auk þess er í töflu 23 birt yfirlit yfir gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum og útgjöld Íslendinga erlendis 1995–2008. Töflurnar ná sumar hverjar aftur til ársins 2004 en ýtarlegra talnaefni er hægt að nálgast á heimasíðu Hagstofunnar [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).



## Heildarfjöldi gistinátta

Gistinóttum fjölgað um 2,7%

Heildarfjöldi gistinátta var 2.716.472 árið 2008 sem er 2,7% aukning frá árinu á undan, en þá voru þær 2.644.745. Gistinætur Íslendinga voru 791.800 (2,0% aukning) og útlendinga 1.924.672 (3,0%), en gistinætur útlendinga voru 70,9% af heildarfjölda gistinátta árið 2008. Fjölgun gistinátta nær til allra þjóðerna nema Kínverja, Bandaríkjamanna, Svisslendinga, Svía, Japana og Ítala. Mest aukning varð á gistinóttum Afríkumanna (60%), Mið- og Suður-Ameríkumanna (36,1%), Kanadamanna (24%) og Belga (18,7%). Skráningar í flokkinn „þjóðerni óþekkt“ voru færri en árið á undan en þá voru þær 145.636 en eru 124.089 árið 2008 (-14,7%). Nú er hægt að flokka alla gesti eftir þjóðerni eða svæðum en það eykur gæði gagnanna. Er óskandi að þróunin verði áfram í þessa veru og að nákvæmari skráning á þjóðerni gesta auki gæðin enn frekar á næstu árum.

Hlutfallslega mest fjölgun á Vestfjörðum

Gistinóttum fjölgaði í flestum landshlutum árið 2008. Aukningin var mest á Vestfjörðum eða 16,4%. Á Suðurnesjum nam fjölgunin 7,7%, á Suðurlandi 5,9%, á Norðurlandi eystra 5,9% og á Höfuðborgarsvæðinu um 1,3%. Gistinóttum fækkaði á Vesturlandi um 2,8%, á Austurlandi um 1,6% og á Norðurlandi vestra um 0,6%. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 2% milli ára og gistinóttum útlendinga um 3% (sjá töflu 4, bls. 17).

### Tafla 1. Fjöldi gistinátta eftir tegund gististaða 2008


Table 1. Number of overnight stays by type of accommodation 2008

| Gistinætur <i>Overnight stays</i>                                 | Alls<br><i>Total</i> | Íslendingar<br><i>Icelanders</i> | Útlendingar<br><i>Foreigners</i> |
|---|----------------------|----------------------------------|----------------------------------|
| Allar tegundir gististaða <i>All accommodation establishments</i> | <b>2.716.472</b>     | <b>791.800</b>                   | <b>1.924.672</b>                 |
| Þar af <i>Thereof</i>   |                      |                                  |                                  |
| Hótel og gistiheimili <i>Hotels and guesthouses</i>               | 1.946.255            | 429.153                          | 1.517.102                        |
| Heimastistaðir <i>Private home accommodation</i>                  | 43.412               | 13.197                           | 30.215                           |
| Orlofshúsabyggðir <i>Holiday centres</i>                          | 77.019               | 37.091                           | 39.928                           |
| Farfuglaheimili <i>Youth hostels</i>                              | 121.690              | 14.515                           | 107.175                          |
| Svefnpokagististaðir <i>Sleeping-bag facilities</i>               | 27.339               | 11.706                           | 15.633                           |
| Tjaldsvæði <i>Camping sites</i>                                   | 441.927              | 255.513                          | 186.414                          |
| Skálar í óbyggðum <i>Lodges in wilderness</i>                     | 58.830               | 30.625                           | 28.205                           |

Gistinóttum fjölgaði á tjaldsvæðum um 8,3%, á heimastistöðum um 7,2%, á farfuglaheimilum um 5,9% og 1,4% á hótélum og gistiheimilum. Fækkun gistinátta varð hjá svefnpokagististöðum um 4% og 1,3% í orlofshúsabyggðum. Gistinætur í skálum í óbyggðum voru svipaðar milli ára (sjá töflu 5, bls. 18).

### Mynd 1. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2008

Figure 1. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2008



Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.

### Tafla 2. Gistinætur á öllum tegundum gististaða eftir landsvæðum 2008\*

Table 2. Overnight stays in all types of accommodation establishments by region 2008\*

|  | Alls<br><i>Total</i> | Íslendingar<br><i>Icelanders</i> | Útlendingar<br><i>Foreigners</i> |
|--|----------------------|----------------------------------|----------------------------------|
| <b>Alls Total</b>                      | <b>2.716.472</b>     | <b>791.800</b>                   | <b>1.924.672</b>                 |
| Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i> | 1.133.212            | 155.914                          | 977.298                          |
| Suðurnes <i>Southwest</i>              | 85.463               | 24.591                           | 60.872                           |
| Vesturland <i>West</i>                 | 196.181              | 106.090                          | 90.091                           |
| Vestfirðir <i>Westfjords</i>           | 91.809               | 49.141                           | 42.668                           |
| Norðurland vestra <i>Northwest</i>     | 89.038               | 42.319                           | 46.719                           |
| Norðurland eystra <i>Northeast</i>     | 379.629              | 157.377                          | 222.252                          |
| Austurland <i>East</i>                 | 250.005              | 68.858                           | 181.147                          |
| Suðurland <i>South</i>                 | 491.135              | 187.510                          | 303.625                          |


\* Sjá Íslandskort með landsvæðaskiptingu á baksíðu. See map of Iceland with regional division on back cover.

71,6% gistinátta eru á hótélum og gistiheimilum

Árið 2008 voru 71,6% gistinátta á hótélum og gistiheimilum og 16,3% á tjaldsvæðum. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin. Val á tegund gististaða er nokkuð mismunandi eftir ríkisfangi gesta. Greinilegur munur er á vali Íslendinga og útlendinga á gististöðum og áfangastöðum á ferðalögum. Til dæmis voru 54,2% gistinátta Íslendinga á hótélum og gistiheimilum árið 2008 en 78,8% gistinátta útlendinga. Hlutfall Íslendinga og útlendinga var svipað milli árána 2007 og 2008 á flestum tegundum gististaða. Mest er fjölgun Íslendinga á tjaldsvæðum árið 2008 en minniháttar breytingar eru á öðrum tegundum gististaða (sjá töflur 6 og 7, bls. 19–20).

### Mynd 2. Gistinætur Íslendinga eftir tegund gististaða 2008

Figure 2. Overnight stays of Icelanders by type of accommodation 2008




Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.

41,7% allra gistinátta eru á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2008 voru tæp 42% gistinátta á höfuðborgarsvæðinu líkt og árin á undan. Rúmlega helmingur gistinátta útlendinga var á höfuðborgarsvæðinu en töluverður munur er þó á vali áfangastaða eftir ríkisfangi. Norðurlandabúar velja höfuðborgarsvæðið fram yfir landsbyggðina þar sem 71% gistinátta þeirra eru. Aðrir Evrópu-búar vorðu hins vegar aðeins 42% gistinátta sinna á höfuðborgarsvæðinu og kusu 19% þeirra að dvelja á Suðurlandi, 14% á Norðurlandi eystra og 12% á Austurlandi. Aðrar þjóðir vorðu 63% gistinátta sinna á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 8, bls. 21).

### Mynd 3. Gistinætur útlendinga eftir tegund gististaða 2008

Figure 3. Overnight stays of foreigners by type of accommodation 2008



Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.

*Meðaldvalarlengd* Meðaldvalarlengd hélst nánast óbreytt milli ára á öllum tegundum gististaða en meðaldvalarlengd 2008 var 1,7 nótt eins og verið hefur frá því að mælingar hófust fyrir 11 árum (sjá töflur 9 og 10, bls. 22–23).

*76% fjölgun gistinátta á 10 árum*

Töluverð aukning hefur orðið á heildarfjölda gistinátta síðustu 10 ár. Árið 1998 voru gistinætur á öllum tegundum gististaða 1.540.678 en árið 2008 voru þær 2.716.472 sem er 76,3% aukning og jafngildir 5,8% árlegum meðalvexti. Á þessum tíma hafa gistinætur útlendinga nærri tvöfaldast og gistinóttum Íslendinga fjölgað um 51%. Heildarfjöldi allra tegunda gististaða var 696 árið 2008.

### Hótel og gistiheimili

*1,5% fjölgun gistinátta á hótélum og gistiheimilum*

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um 1,5% milli ára 2007 og 2008. Gistinætur voru 1.946.255 á árinu 2008 og fjölgaði um tæplega 30 þúsund milli ára. Gistinóttum Íslendinga fækkaði um 1,7% en gistinóttum útlendinga fjölgaði um 2,5% frá árinu 2007. Gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 1,5% og á landsbyggðinni um 1,6% á milli ára. Frá árinu 2007 hefur hótélum og gistiheimilum fækkað en gistirými hefur þó aukist. Herbergjum fjölgaði um 6,8% og rúmum um 7,7%.

**Tafla 3. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2008**


*Table 3. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2008*

|  | Alls<br><i>Total</i> | Íslendingar<br><i>Icelanders</i> | Útlendingar<br><i>Foreigners</i> |
|--|----------------------|----------------------------------|----------------------------------|
| <b>Alls Total</b>                      | <b>1.946.255</b>     | <b>429.153</b>                   | <b>1.517.102</b>                 |
| Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i> | 1.052.935            | 151.045                          | 901.890                          |
| Suðurnes <i>Southwest</i>              | 71.090               | 23.530                           | 47.560                           |
| Vesturland <i>West</i>                 | 105.507              | 36.366                           | 69.141                           |
| Vestfirðir <i>Westfjords</i>           | 50.542               | 23.721                           | 26.821                           |
| Norðurland vestra <i>Northwest</i>     | 44.888               | 17.792                           | 27.096                           |
| Norðurland eystra <i>Northeast</i>     | 210.476              | 67.597                           | 142.879                          |
| Austurland <i>East</i>                 | 152.419              | 32.927                           | 119.492                          |
| Suðurland <i>South</i>                 | 258.398              | 76.175                           | 182.223                          |

*Hlutfallslega mest aukning á Vestfjörðum*


Frá árinu 2007 fjölgaði gistinóttum hlutfallslega mest á Vestfjörðum um 11,8%, á Suðurnesjum um 8,5% og á Suðurlandi um 7,1%. Gistinóttum fækkaði frá árinu 2007 á Vesturlandi um 5,2%, Austurlandi um 3,4% og á Norðurlandi eystra um 1,8%. Af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum árið 2008 voru flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu, eða 54%. Suðurland var með 13% gistinátta, Norðurland eystra 11% og Austurland með um 8% af heildarfjölda gistinátta árið 2008. Á hótélum og gistiheimilum hefur hlutfall gistinátta útlendinga vaxið með árunum og eru nú tæp 80% gistinátta í þessum flokki (sjá töflu 11, bls. 24).

**Mynd 4. Gistinætur Íslendinga eftir landsvæðum 2008, allar gerðir gististaða**  
*Figure 4. Overnight stays of Icelanders by region 2008, all types of accommodation*



Note: For English translation of regional division, see table 2.

**Mynd 5. Gistinætur útlendinga eftir landsvæðum 2008, allar gerðir gististaða**  
*Figure 5. Overnight stays of foreigners by region 2008, all types of accommodation*




Note: For English translation of regional division, see table 2.

**Svipuð nýting herbergja og rúma**

Nýting herbergja og rúma var svipuð árin 2007 og 2008. Nýtingin yfir árið batnaði lítillega og fór úr 46,7% í 47,4%. Nýting rúma var 37,4%, aðeins lakari en árið 2007 þegar nýtingin var 38%. Nýting herbergja var betri alla mánuði ársins 2008 nema í mars og júní. Nýting eftir landsvæðum jókst mest á Suðurlandi, fór úr 31,3% í 35,5%. Herbergjanýtingin jókst einnig á Norðurlandi vestra og Vestfirðum. Á öðrum landsvæðum dregst nýting herbergja saman milli ára (sjá töflur 13 og 14, bls. 26 og 27).

### Mynd 6. Fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2008


Figure 6. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2008



Note: For English translation of regional division, see table 2.

### Mynd 7. Fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir þjóðerni 2008

Figure 7. Overnight stays in hotels and guesthouses by citizenship 2008



Note: For English translation of regional division, see table 2.

#### Heimtur um 92%

Framboð gistiþjónustu er mest í flokki hótela og gistiheimila. Heimtur upplýsinga um gistináttafjölda á hótélum og gistiheimilum hafa verið um og yfir 92% af heildarfjölda gistinátta í hverjum mánuði. Upplýsingar um gistirými er til fyrir alla staði sem tilheyra þessum flokki. Áætlanir um nýtingu gistirýma og skiptingu gesta eftir ríkisfangi á gististöðum sem ekki hafa skilað upplýsingum eru því nokkuð öruggar.

#### Hvaða staðir flokkast sem hótél og gistiheimili?

Til hótela og gistiheimila teljast hótél, hótélíbúðir og gistiheimili sem starfa allt árið, svo og sumarhótél og sumargistiheimili. Hér teljast öll hótél og gistiheimili sem eru með sérstaka gestamóttöku og bjóða lágmarks hótélþjónustu, þ.e. dagleg þrif á herbergjum og salernum. Auk þess eru í þessum flokki gistiheimili þar sem gistirými er 16 rúm eða fleiri og/eða 8 herbergi eða fleiri. Um 72% þeirra gistinátta sem gistináttatalning Hagstofunnar nær til eru á gististöðum í þessum flokki.

## Hótel

*Gistinóttum á hótélum fjölgaði um 2,2%*


Gistiskýrslur berast yfirleitt fljótt og vel frá flestum hótélum. Á hótélum er gestamóttaka opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera á a.m.k. 75% herbergja. Heimtur gistiskýrslna frá hótélum voru mjög góðar árið 2008, með örfáum undantekningum.

Gistinætur á hótélum árið 2008 voru 1.339.879 en 1.310.719 árið 2007, sem er 2,2% aukning milli ára, gistinóttum útlendinga fjölgaði um 3,5%, en gistinóttum Íslendinga fækkaði um 2,3%. Gistinóttum á hótélum fjölgaði á öllum landsvæðum nema Norðurlandi þar sem þeim fækkaði þeim um 1,6%. Mest var aukningin á Suðurlandi, 12,6%. Á Austurlandi fjölgaði gistinóttum um 7,5%, á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða um 2,6% og á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði gistinóttum um 1,9%. Á sama tíma fjölgaði hótélum um fimm (6,3%). Herbergjafjöldi jókst um 11,4% og rúmafjöldi um 12,7% milli ára (sjá töflu 16, bls. 26).



**Mynd 8. Fjöldi herbergja á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2008**


Figure 8. Number of hotel rooms and guesthouses by region 2008



Note: For English translation of regional division, see table 2.

**Mynd 9. Fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2008**

Figure 9. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2008



Note: For English translation of regional division, see table 2.


## Heimagististaðir

Aukning gistinátta um 1,7% á heimagististöðum

Gistinætur á heimagististöðum árið 2008 voru 43.412 en 42.691 árið 2007, sem er 1,7% aukning gistinátta milli ára. Gistinóttum á heimagististöðum fjölgaði um 43% á Suðurlandi, 25% á Vestfjörðum og um rúm 9% á Vesturlandi. Fækkun gistinátta á heimagististöðum nam 27% á Austurlandi, 21% á Norðurlandi vestra, 9% á Norðurlandi eystra og 6% á Höfuðborgarsvæðinu. Fjölgun gistinátta milli ára 2007 og 2008 nær bæði til útlendinga (1,2%) og Íslendinga (2,7%). Gistirými í flokki heimagististaða dróst saman milli ára og fækkaði gististöðum úr 126 í 116 og rúmum úr 967 í 946, eða 2,2% (sjá töflu 17, bls. 29).

### Mynd 10. Fjöldi herbergja á hótélum eftir landsvæðum 2008

Figure 10. Number of hotel rooms by region 2008



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Hvaða staðir flokkast sem heimagististaðir?

Fram til ársins 1995 var hluti heimagististaða kallaður *bændagististaðir* en var þá skipt annars vegar í hótél eða gistiheimili og hins vegar heimagististaði. Fyrrverandi bændagististaðir, sem náðu tilgreindum viðmiðunarmörkum árið 1995, flokkast nú sem hótél eða gistiheimili, hinir urðu heimagististaðir. Til heimagististaða telst öll gisting á einkaheimilum hvort sem er í kaupstöðum eða á sveitabýlum. Bændur eru ósjaldan með eitt til tvö sumarhús að auki og þar sem erfitt hefur reynst að fá þessa gistingu nákvæmlega aðgreinda frá hefðbundinni heimagistingu er sú gisting talin með heimagistingunni. Leigi bændur sumarhús sín stéttar- eða starfsmannafélögum er sú gisting ekki meðtalin hér. Ef um er að ræða þrjú eða fleiri sumarhús eða smáhýsi flokkast gististaðurinn með orlofshúsabyggingum.


## Orlofshúsabyggðir

1,3% fækkun gistinátta í orlofshúsabyggðum

Gistinætur í orlofshúsabyggðum voru 77.019 árið 2008 en 78.035 árið áður, sem er 1,3% samdráttur milli ára. Þá fjölgaði gistinóttum útlendinga um 11% en gistinóttum Íslendinga fækkaði um tæp 12%. Gistinóttum fækkaði í öllum landshlutum nema á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða þar sem þær jukust umtalsvert eða um 31%. Gistinóttum í orlofshúsabyggðum fækkaði hlutfallslega mest á Austurlandi, eða um 19%, á Norðurlandi um 11% og á Suðurlandi um tæp 5% (sjá töflu 18, bls. 30).

### Mynd 11. Fjöldi gistinátta á hótélum eftir landsvæðum 2008

Figure 11. Overnight stays in hotels by region 2008



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Hvað er orlofshúsabyggð?

Orlofshúsabyggð er sumarhúsa- eða smáhýsahverfi með a.m.k. þremur húsum. Umfang orlofshúsagistingar er mun meira en heimagistingar þegar þessar tvær tegundir gistingar eru reknar samhliða. Hér er einungis átt við sumarhús sem leigð eru út í hagnaðarskyni, ekki t.d. sumarhús stéttar- og starfsmannafélaga. Ekki er auðvelt fyrir gististaðaeigendur að fylgjast nákvæmlega með fjölda gesta í sumarhúsunum. Oftast er hægt að fylgjast með fjölda gesta þegar útlendingar eiga í hlut en það er erfiðara með Íslendinga. Umsjónarmönnum hefur því verið bent á að þegar tala gesta er mjög á reiki skuli taka mið af skráðu gistirými hússins. Gistinætur í húsi með gistirými fyrir fjóra í eina nótt teljast því fjórar. Þess má geta að gistináttatalning Hagstofunnar nær ekki til orlofshúsa fyrirtækja og félagasamtaka.

## Farfuglaheimili

Fjöldi gistinátta eykst um 6,7% milli ára

Gistinætur á farfuglaheimilum voru 121.690 árið 2008, sem er 6,7% aukning milli ára, en gistinæturnar voru 114.039 árið á undan. Stærstur hluti gistinátta á farfuglaheimilum hefur ævinlega verið vegna útlendinga og var svo einnig árið 2008 eða 87,4%. Gistinóttum íslendinga fjölgaði þó hlutfallslega meira á milli ára eða um 19,5% á meðan gistinóttum útlendinga fjölgaði um 4,3%. Fjölgun varð á öllum landsvæðum nema Norðurlandi þar sem gistinóttum á farfuglaheimilum fækkaði um tæp 5%. Gistinóttum fjölgaði mest á Suðurlandi um 12,3%, á Austurlandi um 8,4% og á samanlögðu svæði höfuðborgar, Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða um 7,6%. Farfuglaheimili eru fá og því birtar samandregnar niðurstöður fyrir höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland og Vestfirði í heild (sjá töflu 19, bls. 31).

98% heimtur gistiskýrsla árið 2008 hjá farfuglaheimilum


Farfuglaheimili voru 25 á landinu með starfsemi árið 2008, en það er sami fjöldi og árið áður. Rúmum fjölgaði um 9,7%, úr 1030 árið 2007 í 1130 árið 2008. Hagstofunni bárust upplýsingar um gistinætur frá öllum farfuglaheimilum árið 2008 og nema áætlaðar tölur aðeins um 1,6% af heildarfjölda gistinátta í þessum flokki.

Hvað eru farfuglaheimili?

Farfuglaheimili bjóða gistingu í rúmum með sæng og kotta en gestir þurfa að hafa með sér sængurföt eða leigja þau á staðnum. Gestir geta einnig notað eigin svefnpoka. Öll farfuglaheimili eru í Bandalagi íslenskra farfugla sem á aðild að Alþjóðasamtökum farfugla (IYHF).

## Mynd 12. Gistinætur á heimagististöðum eftir landsvæðum 2008

Figure 12. Overnight stays at private-home accommodation by region 2008



Note: For English translation of regional division, see table 2.

## Svefnpokagististaðir

Gistinóttum fækkar um 4,0% á svefnpokagististöðum

Gistinætur á svefnpokagististöðum voru 27.339 árið 2008 en 28.437 árið áður og fækkaði því um 4,0% milli ára. Gistinóttum fækkaði í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæði og Vesturlandi samanlögðu og á Suðurlandi. Hlutfallslega var mest fækkun á Austurlandi um 16%, á Norðurlandi eystra um 14% og á Norðurlandi vestra 11%. Gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi samanlögðu fjölgaði um 67% og 28% aukning varð á Suðurlandi (sjá töflu 20, bls. 32).

Útlendingum fækkar,  
Íslendingum fjölgar


Gistinóttum útlendinga fækkaði um 13,3% milli ára en gistinóttum Íslendinga fjölgar um 12,1%. Starfandi svefnpokagististaðir voru 47 árið 2008 eða einum færri en árið 2007.

Hvaða gististaðir flokkast sem  
svefnpokagististaðir?

Svefnpokagististaðir geta verið sumarhótel, félagsheimili og skólar sem selja gistingu í svefnpokum á gólfdynum í stórum vistarverum. Ýmis gistiheimili bjóða upp á svefnpokagistingu í rúmum en sú gisting telst með gistingu í uppbúnum rúmum gistiheimilanna. Víða er boðin svefnpokagisting í tengslum við niðjamót, skólaferðalög og íþróttamót. Þegar um niðjamót er að ræða er gjaldtaka sjaldnast í beinum tengslum við fjölda gesta, heldur eru húsin/salirnir leigðir út gegn föstu gjaldi og geta gestir þá valið um hvort þeir gista inni eða í tjaldi. Í þessum tilvikum hefur verið gefinn upp fjöldi gesta á mótinu þannig að tjaldgisting í tengslum við ættarmót er innifalin í svefnpokagistingunni eða öfugt. Þetta á sérstaklega við um Suðurland þar sem mikið er um ættarsamkomur. Mikilvægt er að hafa í huga að gistináttatalningin nær einungis til gistingar þar sem greiðslu er krafist. Gisting skólabarna í skólum og íþróttahúsum yfir veturinn fellur því sjaldan undir svefnpokagistingu.

### Mynd 13. Gistinætur í orlofshúabyggðum eftir landsvæðum 2008

Figure 13. Overnight stays in holiday centres by region 2008



Note: For English translation of regional division, see table 2.

### Tjaldsvæði


Gistinóttum fjölgar um 8,9%

Gistinætur á tjaldsvæðum á landinu voru 441.927 árið 2008 en voru 405.993 árið 2007 og hafa því aukist um 8,9% milli ára. Fjölgun gistinátta er bæði vegna Íslendinga 10,1% og útlendinga 7,2%. Gistinóttum á tjaldsvæðum fjölgaði hlutfallslega mest á Norðurlandi eystra um rúm 31%, á Norðurlandi vestra um tæp 11%, á Suðurlandi um tæp 7% og á Austurlandi um 4%. Gistinóttum fækkaði um 7% á Vestfjörðum, 2% á Vesturlandi og um 1% á höfuðborgarsvæðinu.

Fjöldi tjaldsvæða árið 2008 voru 132 og hefur þeim fækkað um 5 frá árinu 2007. Tjaldsvæðum fjölgaði um tvö á Norðurlandi eystra og eitt bættist við á samanlögðu svæði höfuðborgar og Suðurnesja. Á öðrum landsvæðum fækkaði tjaldsvæðum eða þau stóðu í stað (sjá töflu 21, bls. 33).

### Mynd 14. Gistinætur á farfuglaheimilum eftir landsvæðum 2008

Figure 14. Overnight stays in youth hostels by region 2008



Note: For English translation of regional division, see table 2.

### Skálar í óbyggðum

#### Gistinætur svipaðar milli ára

Gistinætur í skálum í óbyggðum voru svipaðar milli ára, voru 58.830 á síðasta ári samanborið við 58.935 árið 2007. Gistinætur útlendinga og Íslendinga eru svipaðar milli ára. Á Suðurlandi, þar sem flestir skálar landsins eru, nam aukning gistinátta 1,5%.

#### Skýrslur bárust frá flestum skálum


Skálar í óbyggðum voru 46 árið 2008 eða tveimur fleiri en árið 2007 og bárust Hagstofunni skýrslur frá flestum skálum. Af þessum skálum voru 25 á Suðurlandi. Til þessa flokks teljast þeir gistiskálar sem taka gjald fyrir gistingu.

#### Fjölgun gistinátta í óbyggðum

Gistinætur í óbyggðum, þ.e. bæði í skálum og á tjaldsvæðum, voru 95.231 árið 2008 en voru 91.889 árið 2007. Þessi fjölgun milli ára nemur 3,6% og má aðallega rekja hana til útlendinga, 5,1% (sjá töflu 22, bls. 34).

### Mynd 15. Gistinætur á svefnpokagististöðum eftir landsvæðum 2008

Figure 15. Overnight stays in sleeping-bag facilities by region 2008



Note: For English translation of regional division, see table 2.

### Um skýrslugerðina

#### Upplýsingaöflunin

Upplýsingaöflun Hagstofunnar fer þannig fram að gististöðum og öllum þeim sem selja gistiþjónustu eru send skýrslueyðublöð til útfyllingar en á þau skal færa fjölda gesta og gistinátta sundurliðaðan eftir ríkisfangslandi. Löndin eru auk Íslands 14 Evrópulönd, þaðan sem flestir ferðamenn koma, svo og Bandaríkin, Kanada og Japan. Til að fá nánari sundurliðun gesta eftir þjóðerni bættust við fjórir flokkar árið 2005 og um leið féll flokkurinn *Öll önnur lönd* út. Þeir eru: *Mið- og Suður-Ameríka, Kína, önnur Asíulönd, Afríka* og *Eyjaálfa*. Aðrir flokkar eru þá *önnur Evrópulönd* og *þjóðerni óþekkt*. Þess má geta að gistináttatalning Hagstofunnar nær ekki til orlofshúsa fyrirtækja og félagasamtaka.

Gistiskýrslum ber að skila inn mánaðarlega og þá í upphafi hvers mánaðar fyrir liðinn mánuð. Hagstofan birtir mánaðarlega á heimasíðu sinni tölur um gistinætur á hótélum en ekki fyrir aðra flokka gististaða.

**Heimtur** Skýrsluskil hafa verið góð frá flestum tegundum gististaða að undanskilinni heimgistingu, en í þeim flokki hefur þurft tímafrestan eftirrektor. Eigendur nýrra gististaða eru þó greinilega vel upplýstir um mikilvægi gagnasöfnunarinnar því að frá þeim hafa gistiskýrslur oftast borist fljótt og vel. Þess má geta að um 10,8% af heildarfjölda gistinátta árið 2008 var áætlaður en 7,3% árið 2007.

**Trúnaður** Allar upplýsingar eru trúnaðarmál og miðast töflugerðin og önnur upplýsingagjöf við það að niðurstöður verði ekki raktar beint eða óbeint til einstakra aðila.

**Áætlanir** Árið 1996 var í fyrsta skipti, samkvæmt öruggum heimildum, hægt að áætla heildarfjölda gistinátta fyrir allar tegundir gistingar. Áætlun á fjölda gistinátta á gististöðum sem ekki hafa sent Hagstofunni gistiskýrslur er aðallega byggð á vitneskju um gistirými og nýtingu. Á hótélum og gistiheimilum eru áætlanir byggðar á upplýsingum um gistirými, nýtingu á öðrum sambærilegum gististöðum, upplýsingum um fyrri ár, auk annarra upplýsinga. Gistirými er þekkt á öllum gististöðum nema á svefnpokagististöðum og tjaldsvæðum, eðli málsins samkvæmt. Áætlun um gistingu á svefnpokagististöðum sem ekki skila skýrslum er aðallega byggð á sam-

tölum við þá sem selja gistingu í félagsheimilum og skólum, ferðamálafulltrúum, aðra starfsmenn sveitarfélaga og fleiri. Einnig er notast við eldri gögn þar sem þau eru til. Áætlanir fyrir skála og tjaldsvæði eru eins og áætlanir fyrir svefnpökagististaði, mest byggðar á samtölum við þá sem tengjast ferðaþjónustunni, en einnig er stuðst við eldri gögn ef þau eru til. Útgáfu á niðurstöðum fyrir gistináttalningu árið 2008 var flýtt miðað við útgáfutíma fyrri ára. Þetta var gert til að koma á mótis við þarfir félagasamtaka, hagsmunahópa og einstaklinga í ferðaþjónustu á Íslandi.



**Tafla 4. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta eftir landsvæðum 2007–2008, allar tegundir gististaða**  
 Table 4. Available accommodation and overnight stays by region 2007–2008, all types of accommodation

|  | Fjöldi<br>gististaða<br><i>Number of acc.<br/>establishments</i> | Gistinætur <i>Overnight stays</i> |                                  |                                  |
|--|--|-----------------------------------|----------------------------------|----------------------------------|
|  |  | Alls<br><i>Total</i>              | Íslendingar<br><i>Icelanders</i> | Útlendingar<br><i>Foreigners</i> |
| <b>2007</b>                            | <b>715</b>   | <b>2.644.745</b>                  | <b>776.572</b>                   | <b>1.868.173</b>                 |
| Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i> | 95   | 1.118.931                         | 154.451                          | 964.480                          |
| Suðurnes <i>Southwest</i>              | 14   | 79.326                            | 29.118                           | 50.208                           |
| Vesturland <i>West</i>                 | 77   | 201.868                           | 111.078                          | 90.790                           |
| Vestfirðir <i>Westfjords</i>           | 78   | 78.868                            | 45.778                           | 33.090                           |
| Norðurland vestra <i>Northwest</i>     | 67   | 89.553                            | 41.463                           | 48.090                           |
| Norðurland eystra <i>Northeast</i>     | 111  | 358.594                           | 141.933                          | 216.661                          |
| Austurland <i>East</i>                 | 96   | 254.027                           | 70.944                           | 183.083                          |
| Suðurland <i>South</i>                 | 177  | 463.578                           | 181.807                          | 281.771                          |
| <b>2008</b>                            | <b>696</b>   | <b>2.716.472</b>                  | <b>791.800</b>                   | <b>1.924.672</b>                 |
| Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i> | 91   | 1.133.212                         | 155.914                          | 977.298                          |
| Suðurnes <i>Southwest</i>              | 16   | 85.463                            | 24.591                           | 60.872                           |
| Vesturland <i>West</i>                 | 70   | 196.181                           | 106.090                          | 90.091                           |
| Vestfirðir <i>Westfjords</i>           | 76   | 91.809                            | 49.141                           | 42.668                           |
| Norðurland vestra <i>Northwest</i>     | 65   | 89.038                            | 42.319                           | 46.719                           |
| Norðurland eystra <i>Northeast</i>     | 110  | 379.629                           | 157.377                          | 222.252                          |
| Austurland <i>East</i>                 | 94   | 250.005                           | 68.858                           | 181.147                          |
| Suðurland <i>South</i>                 | 174  | 491.135                           | 187.510                          | 303.625                          |
| <b>Breyting milli ára 2007–2008, %</b> |  |                                   |                                  |                                  |
| <b>Change between 2007–2008, %</b>     | <b>-2,7</b>  | <b>2,7</b>                        | <b>2,0</b>                       | <b>3,0</b>                       |
| Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i> | -4,2   | 1,3                               | 0,9                              | 1,3                              |
| Suðurnes <i>Southwest</i>              | 14,3   | 7,7                               | -15,5                            | 21,2                             |
| Vesturland <i>West</i>                 | -9,1   | -2,8                              | -4,5                             | -0,8                             |
| Vestfirðir <i>Westfjords</i>           | -2,6   | 16,4                              | 7,3                              | 28,9                             |
| Norðurland vestra <i>Northwest</i>     | -3,0   | -0,6                              | 2,1                              | -2,9                             |
| Norðurland eystra <i>Northeast</i>     | -0,9   | 5,9                               | 10,9                             | 2,6                              |
| Austurland <i>East</i>                 | -2,1   | -1,6                              | -2,9                             | -1,1                             |
| Suðurland <i>South</i>                 | -1,7   | 5,9                               | 3,1                              | 7,8                              |

**Tafla 5. Fjöldi gistinátta Íslendinga og útlendinga eftir tegund gististaða 2004–2008**

Table 5. Number of overnight stays of Icelanders and foreigners by type of accommodation 2004–2008

|                                   | 2004             | 2005             | 2006             | 2007             | 2008             | Breyting milli ára, %<br>Change between years, % |              |
|-----------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|--|--------------|
|                                   |                  |                  |                  |                  |                  | 2007-2008  | 2004-2008    |
| <b>Allar tegundir gististaða</b>  |                  |                  |                  |                  |                  |  |              |
| <i>All types of accommodation</i> | <b>2.130.230</b> | <b>2.232.911</b> | <b>2.457.068</b> | <b>2.644.745</b> | <b>2.716.472</b> | <b>2,7</b>                                       | <b>27,5</b>  |
| Íslendingar <i>Icelanders</i>     | 651.382          | 682.728          | 737.928          | 776.572          | 791.800          | 2,0  | 21,6         |
| Útlendingar <i>Foreigners</i>     | 1.478.848        | 1.550.183        | 1.719.140        | 1.868.173        | 1.924.672        | 3,0  | 30,1         |
| <b>Hótel og gistiheimili</b>      |                  |                  |                  |                  |                  |  |              |
| <i>Hotels and guesthouses</i>     | <b>1.468.505</b> | <b>1.569.009</b> | <b>1.727.970</b> | <b>1.916.579</b> | <b>1.946.255</b> | <b>1,5</b>                                       | <b>32,5</b>  |
| Íslendingar <i>Icelanders</i>     | 322.696          | 360.979          | 387.148          | 436.554          | 429.153          | -1,7   | 33,0         |
| Útlendingar <i>Foreigners</i>     | 1.145.809        | 1.208.030        | 1.340.822        | 1.480.025        | 1.517.102        | 2,5  | 32,4         |
| <b>Heimagististaðir</b>           |                  |                  |                  |                  |                  |  |              |
| <i>Private-home accommodation</i> | <b>47.587</b>    | <b>43.703</b>    | <b>45.822</b>    | <b>42.691</b>    | <b>43.412</b>    | <b>1,7</b>                                       | <b>-8,8</b>  |
| Íslendingar <i>Icelanders</i>     | 18.117           | 14.941           | 14.426           | 12.848           | 13.197           | 2,7  | -27,2        |
| Útlendingar <i>Foreigners</i>     | 29.470           | 28.762           | 31.396           | 29.843           | 30.215           | 1,2  | 2,5          |
| <b>Orlofshúabyggðir</b>           |                  |                  |                  |                  |                  |  |              |
| <i>Holiday centres</i>            | <b>60.268</b>    | <b>75.729</b>    | <b>83.411</b>    | <b>78.035</b>    | <b>77.019</b>    | <b>-1,3</b>                                      | <b>27,8</b>  |
| Íslendingar <i>Icelanders</i>     | 31.712           | 41.070           | 43.836           | 42.055           | 37.091           | -11,8  | 17,0         |
| Útlendingar <i>Foreigners</i>     | 28.556           | 34.659           | 39.575           | 35.980           | 39.928           | 11,0   | 39,8         |
| <b>Farfuglaheimili</b>            |                  |                  |                  |                  |                  |  |              |
| <i>Youth hostels</i>              | <b>92.336</b>    | <b>92.548</b>    | <b>103.069</b>   | <b>114.039</b>   | <b>121.690</b>   | <b>6,7</b>                                       | <b>31,8</b>  |
| Íslendingar <i>Icelanders</i>     | 8.808            | 8.593            | 9.178            | 11.994           | 14.515           | 21,0   | 64,8         |
| Útlendingar <i>Foreigners</i>     | 83.528           | 83.955           | 93.891           | 102.045          | 107.175          | 5,0  | 28,3         |
| <b>Svefnpokagististaðir</b>       |                  |                  |                  |                  |                  |  |              |
| <i>Sleeping-bag facilities</i>    | <b>31.533</b>    | <b>30.463</b>    | <b>34.048</b>    | <b>28.473</b>    | <b>27.339</b>    | <b>-4,0</b>                                      | <b>-13,3</b> |
| Íslendingar <i>Icelanders</i>     | 13.565           | 13.864           | 12.239           | 10.443           | 11.706           | 12,1   | -13,7        |
| Útlendingar <i>Foreigners</i>     | 17.968           | 16.599           | 21.809           | 18.030           | 15.633           | -13,3  | -13,0        |
| <b>Tjaldsvæði</b>                 |                  |                  |                  |                  |                  |  |              |
| <i>Camping sites</i>              | <b>374.748</b>   | <b>364.357</b>   | <b>401.855</b>   | <b>405.993</b>   | <b>441.927</b>   | <b>8,9</b>                                       | <b>17,9</b>  |
| Íslendingar <i>Icelanders</i>     | 228.968          | 215.551          | 241.676          | 232.071          | 255.513          | 10,1   | 11,6         |
| Útlendingar <i>Foreigners</i>     | 145.780          | 148.806          | 160.179          | 173.922          | 186.414          | 7,2  | 27,9         |
| <b>Skálar í óbyggðum</b>          |                  |                  |                  |                  |                  |  |              |
| <i>Lodges in the wilderness</i>   | <b>55.253</b>    | <b>57.102</b>    | <b>60.893</b>    | <b>58.935</b>    | <b>58.830</b>    | <b>-0,2</b>                                      | <b>6,5</b>   |
| Íslendingar <i>Icelanders</i>     | 27.516           | 27.730           | 29.425           | 30.607           | 30.625           | 0,1  | 11,3         |
| Útlendingar <i>Foreigners</i>     | 27.737           | 29.372           | 31.468           | 28.328           | 28.205           | -0,4   | 1,7          |

**Tafla 6. Heildarfjöldi gistinguáttanna og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2004–2008**

Table 6. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2004–2008

|  | 2004             | 2005             | 2006             | 2007             | 2008             | Breyting milli ára, %<br>Change between years, % |             |
|--|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|--|-------------|
|  |                  |                  |                  |                  |                  | 2007–2008  | 2004–2008   |
| <b>Heildarfjöldi gistinguáttanna</b>                               |                  |                  |                  |                  |                  |  |             |
| <b>Total number of overnight stays</b>                             | <b>2.130.230</b> | <b>2.232.911</b> | <b>2.457.068</b> | <b>2.644.745</b> | <b>2.716.472</b> | <b>2,7</b>                                       | <b>27,5</b> |
| Íslendingar <i>Iceland</i>   | 651.382          | 682.728          | 737.928          | 776.572          | 791.800          | 2,0  | 21,6        |
| Útlendingar <i>Foreigners</i>                                      | 1.478.848        | 1.550.183        | 1.719.140        | 1.868.173        | 1.924.672        | 3,0  | 30,1        |
| Danmörk <i>Denmark</i>   | 92.068           | 101.947          | 112.640          | 110.950          | 111.894          | 0,9  | 21,5        |
| Svíþjóð <i>Sweden</i>  | 86.934           | 98.414           | 88.805           | 103.275          | 98.773           | -4,4   | 13,6        |
| Noregur <i>Norway</i>  | 78.520           | 75.812           | 80.773           | 87.256           | 87.484           | 0,3  | 11,4        |
| Finnland <i>Finland</i>  | 22.885           | 27.909           | 27.404           | 30.437           | 30.658           | 0,7  | 34,0        |
| Bretland <i>U.K.</i>   | 209.254          | 206.640          | 246.590          | 268.044          | 272.281          | 1,6  | 30,1        |
| Írland <i>Ireland</i>  | 8.752            | 8.900            | 9.427            | 11.394           | 12.601           | 10,6   | 44,0        |
| Þýskaland <i>Germany</i>   | 271.919          | 274.234          | 286.728          | 298.847          | 325.565          | 8,9  | 19,7        |
| Holland <i>Netherlands</i>   | 66.691           | 71.772           | 82.525           | 100.605          | 116.532          | 15,8   | 74,7        |
| Belgía <i>Belgium</i>  | 17.665           | 18.917           | 17.742           | 23.289           | 27.657           | 18,8   | 56,6        |
| Frakkland <i>France</i>  | 131.787          | 127.517          | 132.808          | 134.078          | 150.493          | 12,2   | 14,2        |
| Sviss <i>Switzerland</i>   | 55.302           | 48.381           | 50.565           | 56.404           | 53.513           | -5,1   | -3,2        |
| Austurríki <i>Austria</i>  | 22.827           | 23.097           | 22.368           | 25.290           | 30.615           | 21,1   | 34,1        |
| Ítalía <i>Italy</i>  | 65.094           | 64.785           | 69.353           | 74.402           | 73.835           | -0,8   | 13,4        |
